



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 19. október 2020
USK2020060099

Borgarráð

Gatna- og umhverfislýsing. LED væðing 2021.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að fara í útboð vegna kaupa á nýjum LED lömpum vegna áætlaðra framkvæmda á árinu 2021.

Útboð á lömpum fara fram innan rammisamnings Reykjavíkurborgar um kaup á lömpum til gatna- og umhverfislýsingar.

Áætlaður heildarkostnaður ársins 2021 vegna LED væðingar er 550 m.kr.

Greinargerð:

Annars vegar er um að ræða verkefni vegna gatna- og stígalýsingar í eldri hverfum, bæði húsagötum og safngötum.

Hins vegar er um að ræða verkefni á stígum milli hverfa auk opinna svæða.

Afgreiðslutími á lömpum frá framleiðanda er allt að 6 mánuðir.

Eldri ljósbúnaði er skipt út fyrir orkusparandi LED lýsingabúnað.

Endurnýjun er í samræmi við hugmyndafræði Snjallborgar m.t.t. tengimöguleika vegna frekari snjallvæðingar borgarinnar.

Faglegur undirbúningur vegna ljósvistarstefnu hefur verið í vinnslu frá 2017 og að störfum er stýrihópur vegna vinnu við ljósvistarstefnu.

Helstu verkefni ársins 2021 eru:

- Vesturbær. Kaup og uppsetning 773 lampar.
- Grafarvogur. Kaup og uppsetning 2664 lampar.
- Norðlingaholt. Kaup og uppsetning 236 lampar.
- Safngötur innan hverfa. Kaup til 3ja ára og uppsetning að hluta 5600 lampar.

Áfram verður haldið með vinnu við gerð ljósvistarskipulags og almennra leiðbeininga um lýsingu í borginni.

Þá verður farið af stað með vinnu vegna mælavæðingar á gatna- og umhverfislýsingu sem m.a. er forsenda þess að unnt verði að bjóða út orkukaup vegna lýsingarinnar.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Áætlaður kostnaður ársins 2021 vegna LED væðingar: 550 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

-Yfirlitsmynd LED væðingar eftir hverfum

Útskipting lampa í Reykjavík - Áætlun

